

Nd.

273. Frumvarp til laga

[178. mál]

um breytingar á lögum nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson.

1. gr.

Í 24. gr. laganna komi nýr stafliður, sem verði d-liður. svohljóðandi:

- d. Allar brunatryggingar og samsettar tryggingar, sem fela í sér brunatryggingu, skulu bera brunavarnagjald, er nemi 5% af heildariðgjaldi tryggingarinnar og reiknað út með sama hætti og söluskattur.

Ekki skal reikna söluskatt af gjaldi þessu. Brunavarnagjald þetta skal renna til Lánasjóðs sveitarfélaga og mynda sjálfstæða deild innan hans.

Hlutverk Brunavarnadeildar Lánasjóðs sveitarfélaga skal vera að lána sveitarfélögum til vatnsveitna, til kaupa á slökkvibílum og öðrum tækjakosti og búnaði til eldvarna, eftir umsögn brunamálastjóra.

Með reglugerð skal ákveða skilyrði fyrir lánveitingum frá deildinni og lánakjör.

2. gr.

Á eftir 24. gr. laganna komi nýr kafli, er verði VI. kafli, með fjórum greinum og fyrirsögninni: **Húsatryggingar:**

25. gr. orðist svo:

Skylt er að brunatryggja allar húseignir í landinu samkvæmt brunabótamati, sem Fasteignamat ríkisins gefur út. Jafnframt er skylt að brunatryggja hús í smíðum eftir skýrslu eiganda.

Húseiganda er skylt að tryggja hús sitt í beinu framhaldi af bráðabirgðamati, sbr. 18. gr. A laga nr. 94/1976. Ekki skal afhenda fohheldisvottorð fyrir en slík trygging hefur sannanlega verið keypt.

3. gr.

26. gr. orðist svo:

Nú verður brunatjón meira en helmingur brunabótamatsverðs og sveitarstjórn telur nauðsynlegt vegna eldhættu eða af skipulagsástæðum að hlutaðeigandi hús verði fjarlæggt, og er henni þá heimilt að leysa húsið til sín. Greiðir hún þá mismun þann sem er á brunabótum og heildarmatsverði hússins. Ef sveitarstjórn eða eigandi telur brunabótamatsverð ekki rétt, getur hvor um sig krafist endurmats, og skal þá miða greiðslu við endurmatsverðið. Yfirmatsmennirnir skulu vera þrír og dómkvaddir af viðkomandi dómara. Kostnað við yfirmatsgjörð greiða aðilar eftir reglum í 3. mgr. 6. gr. laga nr. 61/1917.

4. gr.

27. gr. orðist svo:

Iðgjöld af fasteignum í skyldutryggingu svo og skírteinisgjöld hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum sem á þeim hvíla, nema sköttum til ríkissjóðs. Séu gjöld eigi greidd innan fjögurra mánaða frá gjalddaga er heimilt að láta selja hina váttryggðu eign á uppboði, án undanfarins dóms, sáttar eða lögtaks, en tilkynna skal váttryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt að sölu hafi verið beiðst. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda með tveggja vikna fyrirvara áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar. Uppboð skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrir en fjórum vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.

5. gr.

28. gr. orðist svo:

Enga húseign má fella úr skylduábyrgð fyrir þá sök, að iðgjald sé ógreitt.

Vátryggingarfélag, sem tekið hefur að sér brunatryggingar á húseign, má ekki fella þá tryggingu úr gildi, nema annað tveggja komi til: að keypt hafi verið brunatrygging á húsið hjá öðru vátryggingarfélagi eða húsið hefur sannanlega verið rífið eða á annan hátt jafnað við jörðu.

6. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 59 frá 24. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, og lög nr. 25 frá 13. apríl 1954, um brunatryggingar í Reykjavík.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1984. Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella þau inn í meginmál laga nr. 74/1982 og gefa lögina síðan út svo breytt. VI. kafli núgildandi laga verði þá VII. kafli og fái greinar nr. 25—32 í núgildandi lögum númerin 29—36.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samtímis tveim öðrum frumvörpum, þ. e. frumvarpi til breytinga á lögum um Brunabótafélag Íslands og frumvarpi til breytinga á lögum um skráningu og mat fasteigna. Flutningur frumvarpa þessara miðar að því að gefa brunatryggingar húsa frjálsar, þ. e. leysa þær undan forræði sveitarfélaga og afnema einkarétt Brunabótafélags Íslands.

Þetta frumvarp er flutt vegna þess að flutningsmaður telur nauðsynlegt að ákvæði um skyldutryggingar húseigna séu færð úr lögum um Brunabótafélag Íslands í þessi lög og samræmd séu ákvæði um tryggingaskyldu, rétt sveitarfélaga, þegar brunar verða, og meðferð vanskila á iðgjöldum.

Er með frumvarpi þessu og hliðarfrumvörpum þeim, sem fyrr er getið, verið að færa þessi mál til nútímalegri vegar, en þessi ákvæði hafa verið lítt breytt í 25 ár.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 74/1982, ber sveitarfélögum að halda uppi eldvörnum í byggðarlögunum og kosta þær. Mikið álag er á öllum tekjustofnum sveitarfélaga, sem leiðir til þess, að sveitarfélög verða að raða verkefnum sínum í forgangsráð.

Tæknilegar framfarir á sviði eldvarna hafa verið miklar á s. l. árum. Vaxandi möguleikar eru á að veita stærri hluta landsbyggðarinnar viðunandi eldvarnir með betri samgöngum. Kaup á brunavarnartækjum (slökkvibílum o. fl.) hafa ekki verið ofarlega á framkvæmdalista sveitarfélaga. Af þessum ástæðum hefur ekki verið sú áhersla á brunamálum sem æskilegt væri, og mörg sveitarfélög þyrftu að gera betur í þessum efnum.

Af ofanrituðum ástæðum er nú gerð tillaga um að sveitarfélögum verði skapaður sérstakur tekjustofn til að mæta skyldum sínum á sviði brunamála. Óheimilt verði að nota þennan tekjustofn til annarra hluta.

Drög hafa nú verið gerð að reglugerð um lágmarksbúnað slökkvibíla. Er hér um mjög þarfar reglur að ræða og því nauðsynlegt að framfylgja þeim. Sem dæmi um þetta má nefna að mörg fjölmenn sveitarfélög hafa ekki yfir að ráða nothæfum reykklöfunartækjum. Slökkvilið þessara staða geta því ekki gert leit að fólki í húsum sem ófær eru orðin af völdum

reyks. Ekki þarf fleiri orð um það ástand, sem ríkir í þeim þætti brunamála hér á landi sem að tækjakosti slökkviliða snýr.

Með umræddri tillögu er lagt til að opinbert gjald verði innheimt samhliða brunatryggingaiðgjöldum og að gjald þetta myndi sjálfstæðan sjóð innan Lánasjóðs sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að fjármagni þessu verði varið til kaupa á tækjum til opinberra eldvarna í landinu, með lánveitingum eða framlögum, eftir því sem samtök sveitarfélaganna ákveði og nánar verði ákveðið með reglugerð.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að 5% gjald verði lagt á brunatryggingaiðgjöldin í landinu.

Gera má ráð fyrir að brunatryggingaiðgjöld ársins 1982 nemi um 140—145 milljónum króna.

Tekjustofn þessi hefði því numið á því ári um 7 millj.kr.

Er hér um umtalsverða hjálp að ræða málaflokki til handa sem vill gleymast í dagsins önn.

Um 2. gr.

Hér er lögð skylda á eigendur allra húseigna, að þeir kaupi brunatryggingar fyrir hús sín, jafnt íbúðarhús sem útihús, hvort sem þau eru fullgerð eða í smíðum.

Þá er lagt til að áður en byggingafultrúi gefi húsbyggjanda fokheldisvottorð, sem húsbyggjandi þarf að hafa m. a. til veðsetningar, sé gengið úr skugga um það, að húsið hafi verið brunatryggt.

Um 3. gr.

Grein þessi er efnislega að mestu samhljóða 4. gr. laga 59/1954 og 5. gr. laga 25/1954, en þessi tvenn lög er lagt til að felld verði úr gildi með frumvarpi um breytingar á lögum um Brunabótafélag Íslands, sem lagt er fram á Alþingi samtímis frumvarpi þessu.

Að öðru leyti þarfnast grein þessi ekki skýringa.

Um 4. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóðs 18. gr. laga nr. 9/1955, 5. gr. laga nr. 59/1954 og 6. gr. laga nr. 25/1954, en lagt er til að þær verði allar felldar úr gildi í frumvarpi til breytinga á lögum um Brunabótafélag Íslands, sem lagt er fram samtímis frumvarpi þessu.

Að öðru leyti þarfnast þessi grein ekki skýringa.

Um 5. gr.

Fyrri málsgrein þessarar greinar er samhljóða 2. mgr. 13. gr. laga nr. 9/1955, og þarfnast hún ekki skýringa.

Síðari málsgrein er ný. Þar er skýrt kveðið á um það, hvernig brunatrygging á fasteign getur fallið niður, en samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar verður það ekki við vanskil iðgjalda. Hins vegar er váttryggingarfélagi heimilað að fella niður tryggingu ef hús er sannanlega tryggt annars staðar svo og ef hús hefur farist eða verið rífið.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar leiðir beinlínis af lögfestingu þessa frumvarps og þeirra tveggja, sem flutt eru samtímis því og getið er hér að framan.

Um 7. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.